

Nr. 21-093 S 060 Sævar Hríseyjarferja***Farþegi slasast í landgöngubrú***

Skipaskr.nr.	2378	IMO nr.	9207950
Smíðaður:	Stáltak 1999, stál		
Útgerðaraðili:	Andey ehf.		
Stærð:	149 BT		
Mesta lengd:	22,7 m	Skráð lengd:	20,4 m
Breidd:	6,70 m	Dýpt:	3,70 m
Vél:	Cummins, 596 kw, 1999		
Áhöfn:	2		



Sævar©Hilmar Snorrason

Gögn:

Lögregluskýrsla
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 30. maí 2022 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Hirti Emilssyni og Geirþrúði Alfreðsdóttur

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 13. september 2021 var Hríseyjarferjan Sævar við landfestar á Árskógssandi. Veður: SV 6 m/sek.

Skipverjar höfðu verið að hífa fiskikör í land. Þegar halli kom á skipið vegna hífinga (stjórnborðs slagsíða) fór landgöngubrúin upp úr falsi sem hún lá í. Skömmu síðar gekk farþegi eftir landgöngubrúnni og hnykkur kom á hana þannig að farþeginn féll á handrið brúarinnar. Landgöngubrúin féll um 20-30 cm og hékk í vír. Farþeginn var fluttur á sjúkrahús og reyndist hann rifbeinsbrotinn.

Við rannsókn kom eftirfarandi fram:

- Landgöngubrúin var í gálga með spili sem notað var til að hífa hana upp og slaka niður í fals á síðu skipsins. (sjá myndir)



Mynd 1(fals)



Mynd 2 (gálgi og spil)

- Landgöngubrúin er landföst og er eigandi hennar Dalvíkurhöfn.
- Farþeginn kvaðst hafa farið um borð en farið aftur upp á bryggju.
- Vélstjóri skipsins var á bryggju að taka á móti fiskikörum. Hann var ekki með farþegann í sjónlínu.
- Skipstjóri skipsins var við vinnu á skipskrananum og var að losa skipið. Hann sneri vanganum í landgöngubrúna og varð ekki var við þegar farþeginn lagði af stað um borð.
- Skipið stoppar öllu jöfnu í u.þ.b. 15 mín áður en það leggur af stað aftur.
- Að sögn skipstjóra vildu þeir ekki að farið væri um borð meðan verið var að lesta og losa skipið.
- Enginn búnaður var á endum landgöngubrúarinnar (hlið eða keðjur) til að hindra umferð um landganginn.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var að farþegi gekk um landgöngubrú eftir að hún hafði losnað úr falsi. Engar verklagsreglur voru um borð í skipinu um umferð farþega meðan lestað er og losað.

Sérstök ábending:

Nefndin bendir á mikilvægi þess að settar séu verklagsreglur um umferð farþega.